**138. löggjafarþing 2009–2010.** **Prentað upp.**
**Þskj. 419 — 196. mál.** Leiðréttur texti. Viðbót.

# Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um sérverkefni fyrir ráðuneyti frá 1. febrúar 2009.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Við hvaða ráðgjafarfyrirtæki eða einstaklinga hefur verið samið um að sinna sérverkefnum fyrir ráðuneytin frá 1. febrúar 2009?*
2. *Hver voru tilefnin og hversu háar hafa greiðslur verið til hvers og eins?*
3. *Ef verkefnin standa enn, hvað má þá ætla að heildarkostnaður við þau verði?*
4. *Voru verkefnin boðin út?*
5. *Hefur sami aðili í einhverjum tilvikum sinnt tveimur eða fleiri sérverkefnum fyrir ráðuneytin?*

*Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.*

Í tilefni af fyrirspurn þessari vill forsætisráðuneytið taka fram að með bréfi dags. 4. mars sl. fór ráðuneytið þess á leit að Ríkisendurskoðun færi yfir fyrirliggjandi samninga við utanaðkomandi ráðgjafa og verktaka á vettvangi forsætisráðuneytis, einkum í kjölfar hruns fjármálakerfisins hér á landi haustið 2008, en slíkir samningar voru óvenju umfangsmiklir í kjölfar hrunsins. Óskað var eftir því að Ríkisendurskoðun yfirfæri samningana að því er varðar umfang þeirra, undirbúning, afmörkun, eftirfylgni og vinnubrögð að öðru leyti þegar um slíka samninga er að ræða. Jafnframt var óskað eftir því að Ríkisendurskoðun gerði tillögu til ráðuneytisins um endurskoðun vinnubragða í þessu efni, ef tilefni þætti til, sem nýst gæti Stjórnarráðinu í framtíðinni við gerð samninga við utanaðkomandi sérfræðinga. Forsætisráðherra barst 22. júní sl. greinargerð Ríkisendurskoðunar þar sem teknir eru til sérstakrar skoðunar samningar við innlenda og erlenda ráðgjafa á vegum forsætisráðuneytis frá síðari hluta árs 2008 til fyrri hluta árs 2009. Ríkisendurskoðun tók til skoðunar alla samninga frá ársbyrjun 2008 til 1. apríl 2009. Samtals var fjárhagslegt umfang samninganna sem úttektin náði til u.þ.b. 388 millj. kr. Þar kemur m.a. fram að Ríkisendurskoðun gerir engar athugasemdir við mat forsætisráðuneytis á vali á ráðgjöfum og öðrum sérfræðingum og telur að ráðuneytið fylgist vel með framkvæmd samninganna. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar koma jafnframt fram leiðbeiningar þar sem lagt til er að farið sé í gegnum einfalt og fyrir fram ákveðið ferli þegar þörf er talin á utanaðkomandi ráðgjöf eða annarri sérfræðiþjónustu. Ferlið felst m.a. í því að útbúa og fylgja gátlista og rökstyðja þá niðurstöðu sem komist er að. Gátlistinn byggist á eftirfarandi meginatriðum:

- Ganga úr skugga um hvort nauðsynlega þekkingu sé að finna hjá ríkinu.
- Útbúa stutta en greinargóða verk- og markmiðalýsingu.
- Leggja mat á hugsanlegt umfang verkefnisins og kostnað við það.
- Meta hvort kaupin eru útboðsskyld.
- Rökstyðja val á ráðgjafa.
- Gera skriflegan samning við ráðgjafann um þjónustuna og þóknun fyrir hana.

– Fylgjast reglulega með vinnu ráðgjafans og hvort verkið er innan umsaminna tímamarka og fjárhagsáætlunar.
– Meta hvernig vinna ráðgjafanna nýtist og hvort hún hafi skilað þeim árangri sem vænst var.

Í leiðarljósum aðhaldsaðgerða sem fram koma í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013 kemur fram að ekki skuli ráðnir utanaðkomandi ráðgjafar í verkefni hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins nema brýna nauðsyn beri til og sérfræðiþekking sé ekki til staðar meðal ríkisstarfsmanna. Forsætisráðuneytið hefur sent öllum ráðuneytum framangreindar leiðbeiningar og farið þess á leit að ráðuneytin virði þau í hvívetna.

Leitað var upplýsinga frá öllum ráðuneytum og tekið skal fram að litið er svo á að í fyrirspurninni sé spurt um alla aðkeypta sérfræðiráðgjöf ráðuneytanna sem samið hefur verið um kaup á eftir 1. febrúar sl.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir verkefni, sundurliðað eftir ráðuneytum.

| **Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur** | **Fjárhæð** | **Tilefni** | **Útboð** | **Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins** | **Fleiri sérverkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili?** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Forsætisráðuneytið** | | | | | |
| ParX ehf. | 255.000 | Ráðgjöf vegna nýs skipulags | Ekki útboðsskylt | 255.000 | nei |
| Landform | 2.142.958 | Vinna vegna þjóðlendumála | Ekki útboðsskylt | 2.142.958 | nei |
| Landslög | 2.187.595 | Ýmis aðstoð lögmanna | Ekki útboðsskylt | 2.187.595 | já |
| Hjörleifur Guttormsson | 95.518 | Leiðsögn vegna ferðar forsætisráðherra Norðurlanda um Austurland | Ekki útboðsskylt | 95.518 | nei |
| Jóhann Thoroddsen | 15.000 | Fyrirlestur | Ekki útboðsskylt | 15.000 | nei |
| Magnum ehf. | 75.000 | Fyrirlestur | Ekki útboðsskylt | 75.000 | nei |
| Háskóli Íslands | 50.000 | Hlutdeild í kostnaði v/komu og fundar Yih-Jeou Wang verkefnisstj. OECD Government project | Ekki útboðsskylt | 50.000 | já |
| expectus | 5.650.001 | Verkefnastjórn sóknaráætlunar ríkisstjórnar | Ekki útboðsskylt | 5.938.650 | nei |
| Björn Georg Björnsson | 1.773.000 | Verkefnastjórn vegna undirbúnings 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar | Ekki útboðsskylt | 1.800.000 | nei |
| Björg Thorarensen | 2.830.520 | Störf í ráðgjafahópi ríkisstjórnar um stjórnlagaþing og stjórnarskrárbreytingar | Ekki útboðsskylt | 2.830.520 | nei |
| Gísli Tryggvason lögfræðingur | 571.875 | Störf í ráðgjafahópi ríkisstjórnar um stjórnlagaþing og stjórnarskrárbreytingar | Ekki útboðsskylt | 571.875 | nei |
| Bryndís Hlöðversdóttir | 298.880 | Störf í ráðgjafahópi ríkisstjórnar um stjórnlagaþing og stjórnarskrárbreytingar | Ekki útboðsskylt | 298.880 | nei |
| Valgerður Stefánsdóttir | 500.000 | Ritun greinargerðar um stefnu í kennslu heyrnarlausra og um stöðu íslenska táknmálsins fyrir vistheimilanefnd | Ekki útboðsskylt | 500.000 | nei |
| LEX ehf. | 1.843.920 | Vinna fyrir nefnd um leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins | Ekki útboðsskylt | 3.500.000 | nei |
| Aðalheiður Jóhannsdóttir | 8.000 | Fundur með nefnd um leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu ríkisins | Ekki útboðsskylt | 8.000 | nei |
| | **18.297.267** | | | **20.268.996** | |
| **Iðnaðarráðuneytið** | | | | | |
| Arkiteo ehf. | 384.705 | Sérteikningar og efnisöflun | Ekki útboðsskylt | 384.705 | nei |
| Askja Energy Holdings ehf | 958.650 | Vinna v. skýrslu um vindorku og sjávarorku | Ekki útboðsskylt | 958.650 | nei |
| Árni Óskarsson | 38.500 | Yfirlestur á skýrslu „Virkjun vindorku og sjávarorku á Íslandi“ | Ekki útboðsskylt | 38.500 | nei |

| Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur | Fjárhæð | Tilefni | Útboð | Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins | Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili? |
|---|---|---|---|---|---|
| BBA Legal ehf. | 3.621.956 | Ráðgjöf vegna útgáfu rannsóknar og vinnsluleyfa á Drekasvæði | | 3.621.956 | nei |
| Bonafide ehf. | 560.250 | Greiðsla vegna ráðgjafar við samningu frumvarps til vatnalaga | Ekki útboðsskylt | 560.250 | nei |
| eCom ehf | 502.668 | Athugun á lagaumhverfi netþjónabúa | Ekki útboðsskylt | 502.668 | nei |
| Efla hf. | 21.611 | Gera skýrslu og viðauka læsanlegt f. sjónskerta | Ekki útboðsskylt | 21.611 | já |
| Efla hf. | 53.211 | Vinna við skýrslu um þróun rafhitunar | Ekki útboðsskylt | 53.211 | já |
| Efla hf. | 725.125 | Vinna við greinargerð um flutningskerfi raforku | Ekki útboðsskylt | 725.125 | já |
| Efla hf. | 668.005 | Vinna við sviðsmyndir virkjana | Ekki útboðsskylt | 668.005 | já |
| Efla hf. | 92.099 | Vinna við að fara yfir EB texta | Ekki útboðsskylt | 92.099 | já |
| Efla hf. | 200.943 | Vinna við að skoða endurgreiðslu vsk. | Ekki útboðsskylt | 200.943 | já |
| Eiríkur Tómasson | 179.280 | Lögfræðiráðgjöf v/virkjanamála | Ekki útboðsskylt | 179.280 | nei |
| Íslenskar orkurannsóknir | 515.463 | Ráðgjöf vegna alþjóðlegs loftslagsverkefnis | Ekki útboðsskylt | 515.463 | nei |
| Mannvit hf. | 6.406.878 | Ráðgjafaþjónusta vegna hagkvæmniathugana á byggingu metanólverksmiðju | Ekki útboðsskylt | 6.406.878 | |
| Nýsköpunarmiðstöð Íslands | 31.120 | Ráðgjöf og yfirlestur v/orkuverkefnis | Ekki útboðsskylt | 31.120 | |
| Páll Jensson | 910.095 | Útreikningar vegna álvers í Helguvík | Ekki útboðsskylt | 910.095 | nei |
| Reykjavík Geothermal ehf. | 200.000 | Skýrsla í framh. af heimsókn iðnaðarráðherra Rwanda um Geothermal Prospects of the Bugarama Graben Rwanda | Ekki útboðsskylt | 200.000 | nei |
| Sigurður G. Guðjónsson ehf. | 84.660 | Lögfræðiþjónusta vegna svars til umboðsmanns Alþingis | Ekki útboðsskylt | 84.660 | já |
| Sigurður G. Guðjónsson ehf. | 105.825 | Lögfræðiþjónusta v/stjórnsýslukvörtunar | Ekki útboðsskylt | 105.825 | já |
| Sigurður G. Guðjónsson ehf. | 105.825 | Lögfræðiþjónusta v/virkjanaleyfis v/Norðlingaölduveitu | Ekki útboðsskylt | 105.825 | já |
| Veðurstofa Íslands | 31.125 | Ráðgjöf og yfirlestur v/orkuverkefnis | Ekki útboðsskylt | 31.125 | nei |
| | **16.397.994** | | | **16.397.994** | |
| **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið** | | | | | |
| Parx ehf | 244.717 | Aðkeypt vinna v. hugarflugsfundar starfsmanna EVR | Ekki útboðsskylt | 244.717 | nei |
| LM Lögmenn sf. | 560.250 | Aðkeypt vinna v. frv. til br. á l. um sparisjóði | Ekki útboðsskylt | 560.250 | já |
| Kristín Benediktsdóttir | 355.025 | Aðkeypt lögfræðiaðstoð v. falls bankanna, fyrirlestur og vinna í jan. 2009 | Ekki útboðsskylt | 355.025 | nei |
| Markús Sigurbjörnsson | 297.500 | Aðkeypt vinna frv. t. l. um br. á l. nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki | Ekki útboðsskylt | 297.500 | nei |
| Þekkingarmiðlun ehf. | 90.000 | Fyrirlestur fyrir starfsmenn EVR, Eyþór Eðvarðsson | Ekki útboðsskylt | 90.000 | já |
| Nýtt land ehf. | 179.280 | Aðkeypt vinna f. rh v. grein um Evrópumál í Mbl og ræður um sama efni | Ekki útboðsskylt | 179.280 | nei |
| Nordica ráðgjöf ehf. | 199.200 | Ráðgjöf Hauks Inga Jónssonar v. starfsmenn SPRON | Ekki útboðsskylt | 199.200 | nei |
| Talnakönnun hf. | 2.198.981 | Aðkeypt vinna v. skýrslu um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta | Ekki útboðsskylt | 2.198.981 | nei |
| Viðar Már Matthíasson | 459.405 | Aðkeypt vinna v. br. á frv. 161/2002 | Ekki útboðsskylt | 459.405 | nei |
| Marag ehf. | 336.500 | Aðkeypt vinna v. br. á frv. 161/2002 | Ekki útboðsskylt | 336.500 | nei |
| Landslög ehf. | 90.620 | Aðkeypt vinna v/lögfræðiaðstoð v. svar við erindi til ESA | Ekki útboðsskylt | 90.620 | já |

| Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur | Fjárhæð | Tilefni | Útboð | Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins | Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili? |
|---|---|---|---|---|---|
| LI Lögmenn sf. | 289.462 | Aðkeypt vinna v. frv. t. br. á l. um sparisjóði | Ekki útboðsskylt | 289.462 | já |
| Landslög ehf. | 632.575 | Aðkeypt lögfræðiaðstoð júní 2009 v. HM Treasury/Freezing Plant | Ekki útboðsskylt | 632.575 | já |
| Dóra Guðmundsdóttir | 480.000 | Aðkeypt vinna v. skýrslu um bankaleynd | Ekki útboðsskylt | 480.000 | nei |
| Advokatfirmaet Schjödt DA | 538.435 | Lögfræðiaðstoð vegna gjaldeyrishafta | Ekki útboðsskylt | 538.435 | nei |
| Admon ehf. | 1.245.000 | Þarfagreining á umhverfi rafrænna viðskipta á ísl. skv. samningi | Ekki útboðsskylt | 1.245.000 | nei |
| Hulda Kristín Magnúsdóttir | 166.914 | Aðkeypt vinna v. frv. br. á l. um samvinnufélög | Ekki útboðsskylt | 166.914 | nei |
| Skýrr ehf. | 215.734 | Ferðauppgjörskerfi uppsetning | Ekki útboðsskylt | 215.734 | nei |
| Hugsmiðjan ehf. | 41.782 | Aðkeypt vinna við vef v. EVR | Ekki útboðsskylt | 41.782 | nei |
| Capacent hf. | 361.050 | Ráðningarþjónusta | Ekki útboðsskylt | 361.050 | nei |
| Talent ráðningar ehf. | 112.050 | Ráðningarþjónusta | Ekki útboðsskylt | 112.050 | nei |
| Háskóli Íslands, Lagastofnun | 1.992.000 | Skýrsla um hlutafélagalög og einkahluta-félagalög og drög að frumvarpi í samræmi við skýrsluna | Ekki útboðsskylt | 1.992.000 | nei |
| Lovells LLP | 1.572.161 | Aðstoð og yfirlestur við samningu á frv. um slit fjármálafyrirtækja | Ekki útboðsskylt | 1.572.161 | nei |
| Háskóli Íslands | 950.000 | Ritun sögu viðskiptaráðun. | Ekki útboðsskylt | 950.000 | nei |
| | **13.608.641** | | | **13.608.641** | |
| **Utanríkisráðuneytið** | | | | | |
| Katelin Marit Parsons | 121.695 | Prófarkalestur og tungumálaráðgjöf, ESB svör | Ekki útboðsskylt | 121.695 | nei |
| Tara Kathleen Flynn | 88.931 | Prófarkalestur o.fl. vegna ESB spurningalista | Ekki útboðsskylt | 88.931 | nei |
| Scriptorium ehf. | 1.439.843 | Þýðing löggjafar og texta vegna ESB spurningalista | Ekki útboðsskylt | 1.439.843 | Já |
| Björg Thorarensen | 271.296 | Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista | Ekki útboðsskylt | 271.296 | nei |
| Ragnhildur Helgadóttir | 42.330 | Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista | Ekki útboðsskylt | 42.330 | nei |
| Hagfelld ehf. | 160.000 | Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista | Ekki útboðsskylt | 160.000 | nei |
| Landslög ehf. | 112.121 | Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista | Ekki útboðsskylt | 112.121 | nei |
| Ecom ehf. | 35.386 | Sérfræðiráðgjöf vegna ESB spurningalista | Ekki útboðsskylt | 35.386 | nei |
| G. Valdimar Valdimarsson | 100.000 | Ráðgjöf vegna ákv. þátta á sviði landbún.- og byggðamála ESB | Ekki útboðsskylt | 200.000 | nei |
| | **2.371.602** | | | **2.471.602** | |
| **Umhverfisráðuneytið** | | | | | |
| Alta | 250.000 | Hugarflugsfundur í ráðuneyti | Ekki útboðsskylt | | nei |
| Lex | 592.004 | Sameiginlegt mat vegna úrskurðar | Ekki útboðsskylt | | nei |
| Þorsteinn Narfason | 322.892 | Vinna vegna Isat-staðla | Ekki útboðsskylt | | nei |
| | **1.164.896** | | | - | |
| **Félags- og tryggingamálaráðuneytið** | | | | | |
| Hula lögmenn ehf. | 147.250 | Álitsgerð v/meðferðarheimilis | Ekki útboðsskylt | 147.250 | nei |
| Evrópulög ehf. | 96.000 | Lögfræðiráðgjöf | Ekki útboðsskylt | 96.000 | nei |
| Lára V. Júlíusdóttir hrl. ehf. | 170.500 | Sérfr. v/jafnréttisnefndar | Ekki útboðsskylt | 170.500 | nei |
| KPMG hf. | 52.150 | Ráðgjöf v/lagafrumvarps | Ekki útboðsskylt | 52.150 | nei |
| VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf. | 301.193 | Ráðgjöf og úttekt vegna öryggiskerfis | Ekki útboðsskylt | 301.193 | nei |
| Barnasálfræðiþjónustan ehf. | 656.000 | Úttekt á starfsemi meðferðarheimilis | Ekki útboðsskylt | 656.000 | nei |

| Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur | Fjárhæð | Tilefni | Útboð | Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins | Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili? |
|---|---|---|---|---|---|
| Barnasálfræðiþjónustan ehf. | 96.000 | Mat á hæfni umsækj. um meðferð ungra gerenda í kynferðisbr.málum | Ekki útboðsskylt | 96.000 | nei |
| Dagsbirta ehf. | 334.000 | Tvær matsgerðir v/barnaverndarmál | Ekki útboðsskylt | 334.000 | nei |
| Kná ehf. | 190.000 | Vinna við rýnihóp meðal foreldra | Ekki útboðsskylt | 190.000 | já |
| Hrefna Friðriksdóttir | 322.000 | Vinna fyrir nefnd um stöðu barna | Ekki útboðsskylt | 322.000 | nei |
| Hrefna Friðriksdóttir | 212.000 | Sérfræðiráðgjöf v/frumvarps til breyt. á barnaverndarlögum | Ekki útboðsskylt | 212.000 | nei |
| Arnaldur Sölvi Kristjánsson | 280.000 | Útreikn. v/barnatrygginga | Ekki útboðsskylt | 280.000 | nei |
| Hagstofa Íslands | 37.500 | Sérfræðivinna | Ekki útboðsskylt | 37.500 | nei |
| Hagvangur ehf. | 373.500 | Ráðningarþjónusta | Ekki útboðsskylt | 373.500 | nei |
| Jón Björnsson | | Gerð gæðaviðmiða í öldrunarþjón. | Ekki útboðsskylt | 2.400.000 | nei |
| Hildigunnur Ólafsdóttir | 440.000 | Sérfræðiráðgjöf I. Undirbúningur rannsóknar á kynbundnu ofbeldi | Ekki útboðsskylt | 440.000 | nei |
| Hildigunnur Ólafsdóttir | 440.000 | Sérfræðiráðgjöf II. Undirbúningur rannsóknar á kynbundnu ofbeldi | Ekki útboðsskylt | 440.000 | nei |
| Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd við H.Í. | 2.200.000 | Gerð rannsóknar hjá grunnskólum á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum | Ekki útboðsskylt | 2.200.000 | nei |
| Kná ehf. | 100.000 | Rýnihópur v/arvinnulausra ungmenna v/velferðarvaktar | Ekki útboðsskylt | 100.000 | já |
| Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir | 360.000 | Sérfræðivinna v/jafnréttisvaktar | Ekki útboðsskylt | 360.000 | nei |
| Rannsóknarsetur í barna- og fjöldkylduvernd við H.Í. | | Sérfæðiráðgjöf I hluti barnaverndarkönnun, v/velferðarvaktarinnar | Ekki útboðsskylt | 300.000 | nei |
| | **6.808.093** | | | **9.508.093** | |
| **Mennta- og menningarmálaráðuneytið** | | | | | |
| Capacent | 1.641.185 | Sparnaður í framhaldsskólum | Ekki útboðsskylt | | nei |
| Parax | 1.082.349 | v/starfshóps um hagræðingu í grunnsk. | Ekki útboðsskylt | | nei |
| Skýrr | 1.984.690 | Rafrænar umsóknir í framhaldsskóla | Ekki útboðsskylt | | já |
| Ágústa Þorbergsdóttir | 42.350 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| Karl Kaaber | 107.800 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | já |
| Minerva | 255.000 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | já |
| Hildur Skarphéðinsdóttir | 203.280 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| JR-Music | 30.000 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| Sigurður Flosason | 202.500 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| Kristín Stefánsdóttir | 427.500 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| Eydís Björnsdóttir | 10.044 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| Stefmennt | 30.000 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| Fræðslum. rafiðnaðarins | 929.070 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| Anna M. Hreinsdóttir | 60.000 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |

| Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur | Fjárhæð | Tilefni | Útboð | Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins | Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili? |
|---|---|---|---|---|---|
| Jóhanna Einarsdóttir | 158.190 | Vinna við námskrá | Ekki útboðsskylt | Hluti af heildaráætlun | nei |
| BSI á Íslandi | 700.000 | Úttekt á grunnskólum | Ekki útboðsskylt | 700.000 | nei |
| Ísmat | 1.280.000 | Úttekt á grunnskólum | Ekki útboðsskylt | 1.280.000 | nei |
| Ingunn B. Vilhjálmsdóttir | 1.360.000 | Úttekt á grunnskólum | Ekki útboðsskylt | 1.360.000 | nei |
| Háskóli Íslands | 603.000 | Innleiðing grunnskólalaga | Ekki útboðsskylt | 603.000 | já |
| Háskólinn á Akureyri | 2.890.000 | Úttekt á grunnskólum | Ekki útboðsskylt | 2.890.000 | já |
| Minerva | 500.000 | Úttekt á fótaaðgerðakennslu | Ekki útboðsskylt | | já |
| Marku Linna | 1.482.200 | Áhrif kreppu á fjármögnun háskóla | Ekki útboðsskylt | | nei |
| IDEA Consult NV | 3.493.170 | Áhrif kreppu á fjármögnun háskóla | Ekki útboðsskylt | | nei |
| | **19.472.328** | | | | |
| **Heilbrigðisráðuneytið** | | | | | |
| Stefán Ólafsson | - | Endurskoðun á hlutverki og verkefnum eftirlits- og stjórnsýslustofnana heilbrigðisráðuneytisins | Ekki útboðsskylt | Tímagjald umsamið en umfang enn óljóst þar sem verið er að ræða um frekari vinnu | nei |
| Líf og sál sálfræðistofa ehf. | - | Að meta sálfélagslega áhættuþætti á Heil-brigðisstofnun Austurlands með sérstöku tilliti til þeirra erfiðleika sem hafa verið á heilsugæslunni í Fjarðabyggð undanfarin missiri | Ekki útboðsskylt | Sameiginlegur kostnaður með HSA 1.200.000 kr. | nei |
| Capacent | - | Mótun sparnaðar og umbótaverkefna. Sérstakt sparnaðarátak í ríkisrekstrinum með þátttöku allra ráðuneyta | Vísað er til fjár-málaráðuneytis sem heldur utan um verkefnið | Hlutur heilbrigðis-ráðuneytisins 6.000.000 kr. | nei |
| | - | | | | |
| **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið** | | | | | |
| Parex – viðskiptaráðgjöf | 2.955.500 | Mat á möguleikum á samþættingu við framkvæmd verkefna stofnana ráðuneytisins | Ekki útboðsskylt | 3.000.000 | nei |
| Capacent | 455.000 | Sparnaðarátak – stjórnun hugarflugsfunda | Ekki útboðsskylt | 1.500.000 | nei |
| Guðjón Arnar Kristjánsson | 2.300.000 | Verkefni tengd fiskveiðistjórn | Ekki útboðsskylt | 2.300.000 | nei |
| Mandat lögmannsstofa, Ránargötu 18 | 971.741 | Ráðgjöf vegna frumvarps um hvali | Ekki útboðsskylt | 1.000.000 | nei |
| | **6.682.241** | | | **7.800.000** | |
| **Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið** | | | | | |
| Lex ehf. | 3.959.100 | Vinna við úrskurðardrög í tilteknu fjöldakærumáli á sviði útlendingamála | Ekki útboðsskylt | 1.940.000 | nei |
| Jónas Jóhannsson | 836.640 | Vinna við úrskurðardrög í tilteknu fjöldakærumáli á sviði útlendingamála | Ekki útboðsskylt | 836.640 | nei |
| Viðar Már Matthíasson | 362.500 | Vinna við lagafrumvarp um breytingu á skaðabótalögum | Ekki útboðsskylt | 362.500 | nei |
| Trausti Fannar Valsson | 693.600 | Skýrsla un yfirferð á lögum og reglum um meðferð hælisumsókna | Ekki útboðsskylt | 693.600 | nei |
| | **5.851.840** | | | **3.832.740** | |
| **Fjármálaráðuneytið** | | | | | |
| Benedikt Bogason | 360.000 | Lögfræðiþjónusta vegna Icesave-skuldb. | Ekki útboðsskylt | 360.000 | nei |
| Eiríkur Tómasson | 272.000 | Lögfræðiþjónusta vegna Icesave-skuldb. | Ekki útboðsskylt | 272.000 | nei |

| Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur | Fjárhæð | Tilefni | Útboð | Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins | Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili? |
|---|---|---|---|---|---|
| Helgi Dagbjartur Áss Grétarsson | 976.000 | Gerð lagafrv. um ríkisábyrgðir v. Icesave | Ekki útboðsskylt | 976.000 | nei |
| Juris hf. | 2.622.445 | V. málsóknar DekaBank á hendur ísl. ríkinu, eftirlaunaskuldbindingar LÍ og Icesave | Ekki útboðsskylt | 2.622.445 | nei |
| Landslög ehf. | 3.809.995 | Samningar við erlenda kröfuhafa og uppgjör milli gömlu og nýju bankanna. Ráðgjöf v. ríkisstyrkja í tengslum við málarekstur ESA | Ekki útboðsskylt | 3.809.995 | Ekki önnur en nefnd eru að framan |
| LI Lögmenn sf | 3.472.500 | Lögfræðiþjónusta í tengslum við stöðu sparisjóðanna og vegna annarra bankamála | Ekki útboðsskylt | 3.472.500 | Ekki önnur en nefnd eru að framan |
| Lögmenn Ránargötu ehf. | 2.955.000 | Lögfræðiþjónusta í tengslum við stöðu sparisjóðanna og vegna annarra bankamála | Ekki útboðsskylt | 2.955.000 | Ekki önnur en nefnd eru að framan |
| PricewaterhouseCoopers hf. | 340.000 | Þjónusta vegna stöðu Byrs og Sparisjóðs Keflavíkur | Ekki útboðsskylt | 340.000 | já |
| Capacent Glacier hf. | 3.614.458 | Mat á ríkisábyrgð í tengslum við Icesave | Ekki útboðsskylt | 3.614.458 | nei |
| Hagrannsóknir og Ráðgjöf ehf. | 352.000 | Mat á þjóðhagslegum áhrifum af Icesave-skuldbindingunum | Ekki útboðsskylt | 352.000 | nei |
| PricewaterhouseCoopers hf. | 746.500 | Skýrslugerð, ráðgjöf vegna Byrs og sparisjóða Keflavíkur og Ólafsfjarðar | Ekki útboðsskylt | 746.500 | já |
| Talnakönnun hf. | 154.000 | Ráðgjöf vegna eftirlaunafrumvarpsins | Ekki útboðsskylt | 154.000 | nei |
| Arnaldur Axfjörð | 1.995.210 | Ráðgjöf um upplýsingatækni, s.s. samvirkni gagnagrunna | Ekki útboðsskylt | 4.000.000 | nei |
| Þorsteinn Þorsteinsson | 9.905.020 | Ráðgjöf vegna bankamála, svo sem uppgj. milli gömlu og nýju bankanna | Upphaflega var áætlaður kostnaður undir útboðsmörkum | 11.500.000 | nei |
| Jón Sigurðsson | 8.062.513 | Ráðgjöf um gjaldeyrislán frá öðrum ríkjum | Ekki útboðsskylt | 8.062.513 | nei |
| | **39.637.641** | | | **43.237.411** | |
| **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið** | | | | | |
| Capacent ehf. | 270.303 | Úttekt á skipulagi og stjórnun – Greinargerð um stefnumótunarvinnu | Ekki útboðsskylt | 270.303 | nei |
| Evrópuráðgjöf – Alþjóðatengsl ehf. | 2.766.000 | Rannsóknar- og stefnumótunarverkefni vegna sameiningar sveitarfélaga og eflingar sveitarstjórnarstigsins | Ekki útboðsskylt | 2.766.000 | nei |
| Hákon Gunnarsson | 81.450 | Fyrirlestur um stjórnun og stefnumótun | Ekki útboðsskylt | 81.450 | nei |
| VSÓ Ráðgjöf ehf. | 171.570 | Hagkvæmniathugun vegna lestarsamgangna á Suðvesturlandi | Ekki útboðsskylt | 353.364 | nei |
| Rekstrarfélag stjórnarráðsbygg. | 260.000 | Gerð verkefniságrips vegna rafrænna kosninga | Ekki útboðsskylt | 260.000 | já |
| Juris hf. | 490.000 | Sérfræðiþjónusta vegna lagafrumvarps | Ekki útboðsskylt | 490.000 | nei |
| Sigurður G. Guðjónsson ehf. | 221.000 | Lögfræðiþjónusta vegna starfsmannamála | Ekki útboðsskylt | 221.000 | nei |
| Arkiteo ehf. | 452.500 | Arkitektaþjónusta vegna breytinga á húsnæði | Ekki útboðsskylt | 452.500 | nei |
| Verkfræðistofan Víðsjá ehf. | 358.960 | Verkfræðiþjónusta vegna breytinga á húsnæði | Ekki útboðsskylt | 358.960 | nei |
| Reykjavíkurborg | 753.320 | Ráðgjafarvinna vegna lestarathugunar | Ekki útboðsskylt | 753.320 | nei |
| Hugsmiðjan ehf. | 25.600 | Sérfræðiþjónusta vegna vefseturs | Ekki útboðsskylt | 25.600 | nei |
| Hagvangur ehf. | 759.450 | Sérfræðiþjónusta vegna starfsmannaráðninga | Ekki útboðsskylt | 759.450 | nei |
| Feti ehf. | 89.890 | Sérfræðiþjónusta vegna breytinga á húsnæði | Ekki útboðsskylt | 89.890 | nei |
| | **6.700.043** | | | **6.881.837** | |

| Ráðgjafafyrirtæki /Einstaklingur | Fjárhæð | Tilefni | Útboð | Áætlaður kostnaður til aðila vegna verkefnisins | Fleiri sér-verkefni fyrir ráðuneytið á sama tímabili? |
|---|---|---|---|---|---|
| **Upplýsingasamfélagið – sameiginleg verkefni ráðuneyta** | | | | | |
| Capacent hf. | 79.600 | Rannsókn: Spurning í spurningavagni | Ekki útboðsskylt | 79.600 | nei |
| Jóhann Thoroddsen | 50.000 | Fyrirlestur um áfallahjálp | Ekki útboðsskylt | 50.000 | nei |
| Kristbjörn Helgi Björnsson | 140.000 | Vinna við textaritun fyrir vefinn Ísland.is | Ekki útboðsskylt | 140.000 | nei |
| Oddrún Vala Jónsdóttir | 2.955.895 | Vinna við textaritun og innsetningu efnis ofl. fyrir vefinn Ísland.is | Ekki útboðsskylt | 4.000.000 | nei |
| Parx ehf. | 2.670.000 | Vinna við uppsetningu þjónustuvefs vegna innleiðingar þjónustutilskipunar ESB | Ekki útboðsskylt | 4.500.000 | nei |
| Pricewaterhousecoopers hf. | 3.800.000 | Gerð skýrslu o.fl. um arðsemi rafrænnar stjórnsýslu | Ekki útboðsskylt | 3.800.000 | nei |
| Ríkisskattstjóri | 3.000.000 | Prófun, mat og skýrslugerð varðandi notkun á OpenOffice-hugbúnaði | Ekki útboðsskylt | 3.000.000 | nei |
| Sjá-viðmótsprófanir ehf. | 1.630.750 | Úttekt á opinberum vefjum ríkis og sveitarfélaga | Ekki útboðsskylt | 3.261.500 | já |
| | **14.326.245** | | | **18.831.100** | |